

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Bolungarvík.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011 fyrir Bolungarvík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 3. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.

Strandabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta fiskveiðiársins 2010/2011 fyrir Hólmavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 50 þorskígildistönnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 50 þorskígildistönnum skal skipt samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, enda uppfylli þeir skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. Bátar/skip eiga rétt á úthlutun úr báðum úthlutunarpottum.

Grýtubakkahreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Grýtubakkahrepps með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Byggðakvóta Grenivíkur 182 þorskígildistönnum skal skipta þannig:

- a) c-liður 1. gr. reglugerðarinnar fellur niður.
- b) 60 þorskígildistönnum skal skipta jafnt milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar eftir breytingu.
- c) 122 þorskígildistönnum verði skipt hlutfallslega á þau sömu skip miðað við úthlutað aflamark á grundvelli aflahlutdeildar í bolfiski 1. september 2010 í þorskígildum talið.

Kaldrananeshreppur.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Drangsness með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað o.s.frv.

Blönduóssbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Blönduóssbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: ... miðað við landaðan afla í þorskígildum talið á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010 ... o. s. frv.
- b) Skipta skal 60% úthlutaðs byggðakvóta, jafnt milli umsækjenda sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 40% skal skipt samkvæmt ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar eftir breytingu hennar.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2011.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hinrik Greipsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2011